

Fréttabréf

Grunnskóla Hornafjarðar



Fréttabréf 8. tbl. 11. árg. nóvember 2017

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Hafnarhittingur

*Takið frá stund milli 17:00 og 20:00
þriðjudaginn 5. desember.*

Þá verður opið hús í Heppuskóla og íþróttahúsinu fyrir **ALLA** Skaftfellinga unga sem aldna. Börn yngri en 12 ára komi þó vinsamlegast í fylgd fullorðinna. Á Hafnarhittingi geta allir fundið eitthvað fyrir sig og endað svo á því að borða kvöldmat sem verður seldur á kostnaðarverði.

Markmiðið með Hafnarhittingi er að;

Styrkja fjölskylduna, styrkja félagsleg tengsl og styrkja bæinn okkar. Með opnu húsi viljum við bjóða nýtt fólk velkomið í bæinn en ýta líka undir að þeir sem hafa búið hér lengi geti kynnst nýju fólki. Einnig viljum við bjóða upp á fleiri tækifæri til að sinna áhugamálum eða að eignast ný áhugamál.

Dæmi um það sem verður í boði er prjón og hekl, fönður, Zumba, þrek, iPadkennsla, jóga, félagsvist, allskonar spil, leikir og fleira og fleira. Boðið verður upp á barnahorn með gæslu.



Við hlökkum til að sjá ykkur ☺

Nemendur og starfsfólk Grunnskóla Hornafjarðar

Af hverju Hafnarhittingur?

Í nútímasamfélagi þar sem töluvert er um streitu, þunglyndi, kvíða og félagslega einangrun er mikilvægt að hlúa að aðstæðum sem vinna gegn þessu þáttum. Fjölskyldan og góð félagsleg tengsl er það sem hefur hvað mest vægi til að vinna gegn þessum neikvæðu þáttum. Hafnarhittingur er framlag nemenda og starfsmanna Grunnskólans til að styrkja fjölskylduna, styrkja félagsleg tengsl og bæta samfélagið sem okkur þykir flestum svo vænt um.

Á Hafnarhittingi verður boðið upp á fjölmörg tækifæri fyrir fólk á öllum aldri til að sinna áhugamálum sínum um leið og það hittir annað fólk en það umgengst dags daglega. Á sama tíma geta foreldrar haft börnin með sér og til að léttu enn frekar álagið á fjölskyldum getur fólk keypt sér mat á staðnum á kostnaðarverði.

Hafnarhittingur gengur fyrst og fremst út á sjálfböðavinnu og þar leggja nemendur og starfsmenn sitt af mörkum en margir aðrir koma einnig að borðinu. Þannig verður hittingurinn sameign okkar allra. Allar hugmyndir að dagskrá eru vel þegnar og fólk hvatt til að leggja sitt af mörkum.



Þetta er fyrsti Hafnarhittingurinn en ef vel gengur þá verða fleiri eftir áramótin. Takið tímann frá þriðjudaginn 5. des kl. 17:00 – 20:00. Kíkið í Heppuskóla og íþróttahúsið og takið endilega einhvern með ykkur sem þekkir ekki vel til, talar ekki tungumálið eða bara einhvern sem þið viljið taka með.

Að lokum má geta þess að Grunnskóli Hornafjarðar er Grænfánaskóli en það felur í sér áherslu á sjálfbærni og umhverfisvernd. Einn hluti sjálfbærinnar er félagsleg sjálfbærni þar sem fólki líður vel og getur uppfyllt og ræktað félagslegar þarfir sínar í nánasta umhverfi sínu. Á vetrarönn er lögð sérstök áhersla á sjálfbærni og umhverfisvernd í skólanum og er Hafnarhittingur eitt af sjálfbærni verkefnum.



Dagskrá á Hafnarhittíngi

Þegar fólk mætir er ágætt að það skrái sig strax í matinn ef það vill borða svo eldhúshópurinn hafi einhverjar hugmyndir um hve mikið skal elda. Á boðstólum verður hakk pottréttur (grýta) með hvítlauksbrauði og **verðið er 500 kr. á mann**. Síðan getur fólk farið á milli eða verið á sama staðnum allt eftir því hvað hentar hverjum og einum.

Íþróttahús

17:10 – 18:00 – Zumba í hálfum íþróttasalnum, leikir hinu megin.

18:10 – 19:00 – Þrek í hálfum íþróttasalnum, leikir hinu megin.

19:10 – 20:00 – Blak. Allir leika sér í blaki.

Heppuskóli

Stofa 1. Típphornið – spáð og spekúlerað í boltann.

Stofa 2. Nemendur sýna legóbrautina og leyfa fólki að prófa – þar fær fólk einnig að prófa sig í að forrita spheró kúlur.

Stofa 3. Jóga kl. 18:00 – Vinsamlegast takið dýnur teppi og kodda með ykkur.

Stofa 4. Spilastofa – úlfur úlfur, actionary ofl.

Stofa 5. Félagsvist – spilað frá 17:10 – 19:10.

Stofa 6. Tölvur og snjalltæki – hver vill ekki læra meira á ípadinn sinn eða á google drive?

Stofa 7. Barnahornið – þar geta litlu börnin leikið sér saman og gæsla verður á staðnum.

Stofa 8. Föndurstofan, jólaföndrið í allri sinni dýrð.

Bókasafnið í Heppuskóla, þrjónahornið, nýjar bækur liggja frammi, púsl og fleira.

Eldhúsið í Heppuskóla – matur á kostnaðarverði frá 18:30 – 19:30.

Einnig borð sett fyrir framan stofuna og á opna svæðinu á efri hæð.

(með fyrirvara um breytingar)

Við fengum jörðina ekki í arf frá forfeðrum okkar.

Við erum með hana að láni frá börnunum okkar.

Nú er tími endurskínsmerkjanna í algleymingi Sjáumst

Matseðill í desember

- 1.des. Makkarónugrautur.
- 4.des. Plokkfiskur með rúgbrauði.
- 5.des. Lamb snitsel í raspi.
- 6.des. Fiskbúðingur með karrýsósu.
- 7.des. Kjötbollur með káli og feiti.
- 8.des. Súpa, brauð og álegg.
- 11.des. Ofnakaður fiskur.
- 12.des. Gúllas með kartöflumús.
- 13.des. Ofnakaður fiskur með osti.
- 14.des. Bajonskinka með sveppasósa.
- 15.des. Kjötsúpa.
- 18.des. Soðinn fiskur með rúgbrauði.
- 19.des. Pylsur og pylsubrauð.
- 20.des. Jólafrí að loknum stofujólum.



Á aðventunni

Á aðventunni breytist skólastarfið lítillega og eftir því sem nær dregur jólum fléttast jólaundirbúningurinn meira inn skólastarfið. Í lok vikunnar koma nemendur heim með dagskrá desembermánaðar þar sem hægt verður að sjá hvað er á döfinni hverju sinni.

Á aðventunni skyldi þó megin áherslan vera á náungakærleik og virðingu fyrir hvert öðru. **Gott er að minna sig á hversu dýrmætur**

fjölbreytileiki okkar mannanna er og hlúa að honum fremur en dæma. Fögnum fjölbreytileikanum og eigum góða daga saman.